

**15. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 16. janúar
2024
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2039 - 1809041

Fyrir liggur tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039. Tillagan var forkynnt skv. 30 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 frá 30. mars til 5. maí 2023 og kynnt á íbúafundi 15. nóvember 2023.

Tillagan hefur verið send til umsagnaraðila og umsagnir liggja fyrir frá eftirfarandi aðilum: Landsneti, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Skógræktinni, Minjastofnun, Landgræðslunni, Veðurstofu Íslands og Fiskistofu og brugðist hefur verið við þeim umsögnum í fyrirbyggjandi tillögu.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039 og leggur til við sveitarstjórn að tillagan og umhverfisskýrsla verði auglýst skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

2. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir stofnana og íþróttasvæði Tálknafirði. Um er að ræða deiliskipulag sem nær yfir grunnskóla Tálknafjarðar, sundlaug og íþróttahús, tjaldsvæði og Dunhaga.

Tillagan er í samræmi við tillögu að endurskoðun Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2039.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.

15. fundur
24.01.2024

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)